

TÓNLEIKAR


Kór Átthagafélags Strandamanna í Fóstbræðraheimilinu

Í dag heldur kór Átthagafélags Strandamanna tónleika í Fóstbræðraheimilinu við Langholtsveg og hefjast þeir kl. 17. Á efnisskránni eru innlend og erlend lög. Söngstjóri kórsins er Magnús Jónsson.



Kór Átthagafélags Strandamanna ásamt stjórnanda sínum, Magnúsi Jónssyni.

LISTASAFNI ALPÝÐU



Jakob Jónsson.

Jakob Jónsson sýnir í

Nú stendur yfir sýning Jakobs Jónssonar í Listasafni alpýðu að Grensásvegi 16. Þar sýnir hann 69 myndir, teikningar, olfupastel og vatnslitamyndir. Sýningin er opin frá kl. 14–22 daglega og stendur til mánaðamóta.

KJARVALSSTADIR

Hafsteinn Austmann opnar sýningu í dag

Í dag opnar Hafsteinn Austmann málverkasýningu í vestursal Kjarvalsstaða. Nú eru 25 ár liðin frá fyrstu einkasýningu Hafsteins, sem var í Listamannaskálanum gamla við Austurvöll 1956.

Á þessari sýningu er um það bil 90 myndir, olfumyndir, vatnslitamyndir og einnig nokkrar með blandaðri tækni. Að sögn Hafsteins eru á sýningunni eingöngu abstraktmyndir eða óhlutstæðar myndir, myndir sem væru alveg óháðar nokkurri fyrirmynd. „Það væri helst að menn sæju eitthvað náttúrulegt við myndirnar eftir að búið væri að mála þær,“ sagði Hafsteinn ma. er blm. innti hann álit á myndforminu. „Það kæmi þó frekar ósjálfrátt og nöfn á myndunum kæmu ekki fyrir en eftir á, eins og þessi til dæmis“, sagði hann og benti á eitt málverkið. „Þessa getum við t.d. nefnt „Á móti straumnum“ eða eitthvað í þá áttina.

Nei, ég kúvendi ekki. Eg hef málað svona myndir alla mína tíð og geri ekki ráð fyrir að það breytist nokkuð héðan af, nema þá helst bara smátt og smátt,“ sagði Hafsteinn er hann var spurður um hvort að hann málaði annars konar myndir.

Frá því að Hafsteinn hélt sína fyrstu sýningu hefur hann helgað sig eingöngu málalístinum. Hefur hann haldið um 10 einkasýningar hér á landi og tekið auk þess þátt í nokkrum samsýningum bæði héraendis og erlendis.

Árin 1968–69 dvaldi Hafsteinn í Árósum í Danmörku og vann með hópi ungra danskra málara. Sýndi hann með þeim vítt og breitt um Danmörku og á nú myndir bæði á einkasófnun og opinberum stöðum þarlendis. Myndir Hafsteins eru einnig á sófnun í Ameríku og víða í Evrópu.

Sýning Hafsteins verður opin til 7. júní næstkomandi.



Hafsteinn Austmann



Nemendaleikhúsið sýnir „Morðið á Marat“ í Lindarbæ

Annað kvöld sýnir Nemendaleikhúsið „Morðið á Marat“ í Lindarbæ og hefst sýningin kl. 20.

Leikritið heitir fullu nafni „Ofsóknin og morðið á Jean Paul Marat sýnt af vistmönnum Charenton-geðveikrahælisins undir stjórn de Sade markgreifa“, en þekktast er það eflaust undir nafninu Marat/Sade. Höfundur þess er Þjóðverjinn Peter Weiss.

Leikurinn gerist á Charenton geðveikrahælinu í París árið 1808, þar sem markgreifinn illræmdi, de Sade (sá sem sadismi er kenndur við), er vistmaður. Hann hefur samið leikrit um morðið á byltingarmanninum

Jean Paul Marat og æft það með sjúklingum hælisins. Inn í leikritið fléttast síðan umræða milli Sades sjálfs og Marats um ýmsar grundvallarspurningar manlegrar tilveru: dauða og líf, hugsjónir, en fyrst og fremst spurninguna um réttmæti byltingarinnar. Nærri má geta að sýning sjúklinganna gengur ekki snurdulaust fyrir sig og eitt og annað kemur upp á sem Sade hafði ekki gert ráð fyrir.


„Morðið á Marat“ er þriðja og síðasta verkefni Nemendaleikhússins í vetur og með því útskrifast þeir 7 nemendur sem þátt taka í sýningunni. Auk nemendanna fer Pétur Einarsson skólastjóri með eitt hlutverk

í „Marat“, hlutverk hælisstjórans. Leikstjóri er Hallmar Sigurðsson, leikmynd gerði Grétar Reynisson, búninga gerðu þau Grétar Reynisson og Anna Jónsdóttir. Tónlist samdi Eggert Þorleifsson.

Aðsókn hefur verið góð það sem af er, en líklegt er að sýningar verði ekki margar.

„Morðið á Marat“: Guðbjörg Thoroddsen (Corday), Jóhann Sigurðsson (Marat), Pétur Einarsson (Coulmiere), Karl Ágúst Úlfsson (de Sade), Guðjón Pedersen (kallarinn), Sigrún Edda Björnsdóttir (Simonne) og Guðmundur Ólafsson (Jaques Roux).

GALLERÍ DJÚPIÐ



Sigurður Örlýgsson sýnir 20 myndverk

Í dag opnar Sigurður Örlýgsson sýningu í Gallerí Djúpinu við Hafnarstræti. Þar sýnir hann 20 myndverk sem unnin eru með blandaðri tækni, akrillit, sprautum, skapalónum, silkiprenti, ljósmyndum o.fl.

— Þetta er myndaflokkur sem ég sýni, sagði Sigurður, og er temað hjól á utanhússlyftu. Hugmyndin er fengin úr mynd, sem ég tók út um glugga er ég hafði vinnustofu með Tryggva Ólafssyni í gömlu Kaupmannahöfn. Konan mín, Hrefna Steinþórsdóttir, málaði litina í nokkrar myndanna, sem unnar eru með skapalónum.

Sigurður Örlýgsson við eina mynda sinna í Gallerí Djúpinu.


LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Sýnir ærslaleikinn „Við gerum verkfall“ – í Kópavogssleikhúsinu

Nú um helgina gerir Leikfélag Akureyrar innrás á höfuðborgarsvæðið með leiksýninguna „Við gerum verkfall“ að vopni. LA setur upp búdir sínar í Kópavogssleikhúsinu og sýnir þar mánudagskvöldið 25. og þriðjudagskvöldið 26. maí og hefjast sýningarnar kl. 20.30.

Leikfélag Akureyrar var síðast í heimsókn sl. vor á Listahátíð með sýninguna „Bedið eftir Godot“ en sú sýning fékk lofsamlega dóma og nú síðast Menningarverðlaun Dagblaðsins. Fólki gefst nú tækifæri til að sjá leikarana takast á við annars konar verkefni, þ.e.a.s. ærslaleik, en það er Verkfallið svo sannarlega.

Leikarar eru: Marínó Þorsteinsson, Þórey Aðalsteinsdóttir, Guðrún Alfreðsdóttir, Gestur E. Jónsson, Theodór Júlíusson, Kristjana Jónsdóttir og Sunna Borg. Leikstjóri er Svanhildur Jóhannesdóttir. Hallmundur Kristinsson hefur gert leikmynd og búninga og Ingvar Björnsson lýsingu.



„Við gerum verkfall“: Gestur E. Jónsson, Theodór Júlíusson og Marínó Þorsteinsson í hlutverkum sínum.